



**Ferðamálastofa**

Lækjargata 3 • 101 Reykjavík  
Sími 535 5500 Fax 535 5501  
Netfang: upplýsingar@icetourist.is

Strandgata 29 • 600 Akureyri  
Sími: 464 9990 Fax: 464 9991  
Netfang: upplýsingar@icetourist.is

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 136/207**  
**komudagur 25.11.2008**

Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík


Reykjavík, 24. nóvember 2008

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa, 101. mál, öryggi frístundaskipa.**

Vísað er til bréfs samgöngunefndar Alþingis dags., 4. nóvember 2008 þar sem óskað er umsagnar Ferðamálastofu um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 30/2007, um áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa.

Ferðamálastofa gerir ekki efnislegar athugasemdir við frumvarpið en fagnar því að lögð hefur verið áhersla á að efla öryggi áhafna frístundafiskiskipa. Með því að tilgreina frístundafiskiskip sérstaklega í lögum og gera kröfur um hæfi stjórnenda hefur Ferðamálastofu nú verið gert kleift að benda umsækjendum um ferðaskipuleggjanda- og ferðaskrifstofuleyfi á aðrar kröfur og skilyrði sem uppfylla þarf skv. ofangreindum lögum en stofnunin hefur eingöngu rekstrarlegt eftirlit með leyfishöfum skv. lögum nr. 73/2005 um skipan ferðamála.

Virðingarfyllst,  
f.h. Ferðamálastofu

  
Auðbjörg Lísu Gústafsdóttir,  
lögfræðingur



# Félag skipstjórnarmanna

Alþingi  
Erindi nr. P 136/150  
komudagur 19.11.2008

Nerfundasvið Alþingis

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Reykjavík 17. Nóvember 2008.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 30/2007, um áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, Skemmtibáta og annarra skipa.

Félag skipstjórnarmanna mótmælir notkun hugtaksins „frístundafiskiskip“ sem eingöngu virðist uppfundið í þeim tilgangi að slaka á kröfum til stjórnunar slíkra skipa, í stað þess að gera sömu kröfur og gerðar eru til stjórnunar sambærilegra íslenskra fiskiskipa.

Þá mótmælir félagið ennfremur því sem fram kemur í athugasemdum við frumvarpið þar sem staðhæft er að frumvarpið sé samið í samvinnu við m.a. hagsmunaaðila. Þetta er alrangt og hörmulegt til þess að vita að íslensk stjórnvöld umgangist sannleikann með þessum hætti.

Virðingarfyllt

Félag skipstjórnarmanna

Guðjón Ármann Einarsson



Aiþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

**Alþingi**  
**Erindi nr. Þ 136/220**  
**komudagur 25. 11. 2008**

LHG/098/9,6/ DS/sig  
Reykjavík 24. nóvember 2008

Efni: Umsögn Landhelgisgæslu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 30/2007, um áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa, 101. mál.

Landhelgisgæslan gerir eftirfarandi athugasemdir við lagafrumvarp þetta:


1. Í 3. gr. laga nr. 30/2007 er skilgreining á hugtökunum skipstjóri og útgerðarmaður. Í frumvarpi þessu er lagt til í 2. mgr. 2. gr. að útgerðarmaður beri fulla ábyrgð á að stjórnendur frístundafiskiskipa hafi fullnægjandi réttindi á frístundafiskiskip og hafi auk þess fengið fullnægjandi kennslu á skipin áður en lagt er úr höfn og séu hæfir til þess að annast stjórn skipanna á öruggan hátt, með tilliti til öryggis mannlífa, eigna og umhverfis. Landhelgisgæslan, sem ber ábyrgð á löggæslu á hafinu umhverfis Ísland spyr því hvort hugmyndin sé að útgerðarmaður verði kærður auk skipstjóra ef skipstjóri verður uppvís að því að sigla án tilskilinna réttinda eða vegna vankunnáttu að brjóta gegn siglingalögum? Ef eingöngu er horft á ákvæðið sjálft má skilja það þannig að útgerðarmaður beri alla ábyrgð á skipinu og siglingu þess en skipstjórinn ekki þótt annað segi í skýringum við ákvæðið. Spurning er hvort þetta ákvæði samrýmist sjómanna- og siglingalögum? Ber útgerðarmaður samábyrgð á refsiverðum athöfnum skipstjórans? Hvað ef mat útgerðarmannsins á hæfi skipstjóra reynist rangt eftir á að hyggja og skipstjóri sýnir af sér vankunnáttu sem leiðir til slyss eða annars tjóns?

2. Þegar áhafnir varðskipa fara um borð í skip til eftirlits, er kannað hvort skipstjóri og aðrir í áhöfn hafa tilskilin réttindi. Í 5. mgr. 8. gr laga nr. 30/2007 segir að frumrit skírteinis sem krafist er skuli ávallt vera um borð í því skipi sem skírteinishafi er skráður eða ráðinn á samkvæmt lögskráningarkerfi sjómanna og skuli hann eða skipstjóri geta framvísað því þegar þess er óskað vegna eftirlits.

Nú er ljóst að ekki þarf að lögskrá á frístundafiskiskipin og þeir sem koma til með að stjórna þeim eru ekki ráðnir til þess. Ákvæði 5. mgr. 8. gr. nær því ekki yfir þau tilvik sem hér um ræðir. Landhelgisgæslan telur nauðsynlegt að í lögnum verði skýrt kveðið á um skyldu skipstjóra frístundafiskiskips til að hafa skírteini meðferðis og framvísa því þegar þess er krafist vegna eftirlits. Að öðrum kosti verður ómögulegt að halda uppi nauðsynlegu eftirliti en það getur vart verið tilgangur frumvarpshöfunda að gera minni kröfur til skipstjóra frístundafiskiskipa að þessu leyti en annarra skipstjóra.

3. Skilja má ákvæði 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins þannig að Siglingastofnun þurfi að viðurkenna hvert og eitt skírteini erlendra skipstjóra sem ætla að stjórna frístundafiskiskipum. Það telur Landhelgisgæslan vera einu færui leiðina og telur rétt að skipstjórar frístundafiskiskipa hafi viðurkenningu Siglingastofnunar á skírteini meðferðis þegar þeir halda til hafs og framvísi þeirri viðurkenningu og skírteininu sjálfu þegar þess er krafist við eftirlit.

F. h. Landhelgisgæslu Íslands,

  
Dagmar Sigurðardóttir  
lögfræðingur

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 136/219*  
*komudagur 25.11.2008*



**LANDSSAMBAND  
ÍSLENSKRA  
ÚTVEGSMANNA**

Borgartúni 35  
105 Reykjavík  
Sími: 591 0300  
Fax: 591 0301  
www.liu.is

**Alþingi - Samgöngunefnd**  
Gautur Sturluson, nefndarritari  
Kirkjustræti  
150 Reykjavík

Reykjavík, 24. nóvember 2008  
*Mál nr. 0811007*

**Efni: Umsögn, öryggi frístundafiskiskipa, 101. mál.**

Landssamband íslenskra útvegsmanna hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa.

Sérstaka athygli vekur að ekki eru nein stærðarmörk á frístundafiskiskipi.

Með frumvarpinu er verið að stíga stórt skref aftur á bak varðandi öryggi fiskiskipa. Verður að leggjast alfarið gegn því að aðrar kröfur gildi um stjórnendur frístundafiskiskipa, en annarra fiskiskipa. Aðstæður til sjósóknar við Ísland eru á margan hátt erfiðar vegna veðurfars og sjólags. Verður því að gera miklar kröfur til stjórnenda fiskiskipa til að gæta öryggis skipverja, annarra skipa og umhverfisins.

Virðingarfyllst,

Friðrik Friðriksson, hdl.

Alþingi  
Erindi nr. P 136/182  
komudagur 24.11.2008

LANDSSAMBAND  
smábátæigenda



**Samgöngunefnd Alþingis**

24. nóvember 2008

**Efni: Umsögn um frumvarp um áhafnir íslenskra  
fiski-, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa**

Landssamband smábátæigenda er samþykkt lagabreytingum sem frumvarpið kveður á um.

LS telur breytinguna sem hér er lögð til vera lið í ferli sem hefur að markmiði að frístundabátum skuli stjórnað af aðilum sem hafa til þess fullgild réttindi eins og krafist er á sambærilega fiskibáta.

LS þykir rétt að gefa til þess eðlilegan umbóttunartíma sem tilgreindur verði í ákvæði til bráðabirgða í frumvarpinu.

**Virðingarfyllt,**

  
Örn Pálsson framkvæmdastjóri



Alþingi  
Erindi nr. P 136/206  
komudagur 25.11.2008

Alþingi  
Samgöngunefnd  
Við Austurvöll  
150 Reykjavík

Kópavogi, 21.11.2008  
Tilv. 1133/2007 - 020  
HJ


**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa, 101. mál.**

Siglingastofnun Íslands vísar til bréfs samgöngunefndar dags. 4. nóvember 2008, þar sem sent er til umsagnar stofnunarinnar frumvarp til laga um breyting á lögum um áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa, 101. mál.

Siglingastofnun gerir ekki athugasemdir við efni frumvarpsins, enda var frumvarpið unnið í samráði við Siglingastofnun.

Virðingarfyllst,

f. h. Siglingastofnunar Íslands,

  
Hermann Guðjónsson, siglingamálastjóri